Nr. 3. 21. febr.

Lög til bráðabirgða

um

bann gegn aðflutningum vegna þess, að pestkynjaður sjúkdomur er uppi.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því það hefir verið borið upp fyrir Oss, að nauðsyn sje á, að gjöra sjerstakar ráðstafanir, sem lög eigi eru fyrir, til þess að koma í veg fyrir að pestkynjaður sjúkdómur flytjist til Vors Lands Íslands, viljum Vjer samkvæmt stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands, 5. janúar 1874, 11. gr. allramildilegast skipa svo fyrir sem nú segir:

1 grein.

Stjórnarráðinu fyrir Ísland veitist vald til, eptir því sem nauðsyn þykir til bera til þess að koma í veg fyrir að pestkynjaður sjúkdómur flytjist til Íslands, annaðhvort að gefa út bann gegn því, að fluttir sjeu inn hlutir frá útlöndum, sem uggvænt þykir að sjeu pestnæmir (vörur, farangur og fatnaður ferðamanna, og lifandi dýr), eða að láta innflutning tjeðra hluta vera undir því kominn, að þeim varúðarreglum sje fylgt, sem tjeð stjórnarráð nákvæmar tiltekur, svo og vald til þess at gefa út sjerstakar fyrirskipanir, sem nauðsynlegar eru til þess að hafa eptirlit með því, að eigi sje brotið á móti banni því og öðrum ákvörðunum, sem gefnar eru út samkvæmt lögum þessum.

2 grein.

Brot gegn auglýsingum þeim, sem gefnar eru út samkvæmt 1. gr., varða fangelsi (sbr. almenn hegningarlög 26. gr.), að svo miklu leyti sem þyngri hegning ekki liggur við samkvæmt almennum hegningarlögum fyrir Ísland, 293 gr., og skulu þar að auki hlutir þeir, sem menn reyna til að flytja inn gegn banninu, eða sem fluttir eru inn í landið, upptækir, og andvirði þeirra renna í landssjóð, svo framarlega sem eigi ber að eyða þeim.

3. grein.

Þessi lög öðlast gildi þann dag, er þau eru birt í Stjórnartíðindunum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 21. dag febrúarm. 1879.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

Foreløbig Lov

21de Februar.

om

Indførselsforbud i Anledning af pestagtig Sygdom.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Da det er Os foredraget, at der til Forebyggelse af pestagtig Sygdoms Indtrængen i Vort Land Island maa træffes særlige Foranstaltninger, hvortil Lovhjemmel savnes, saa ville Vi i Kraft af Forfatningslov for Islands særlige Anliggender af 5te Januar 1874 § 11 allernaadigst have bestemt Følgende:

§ 1.

Ministeriet for Island bemyndiges til, i det Omfang, hvori det anses fornødent for at forhindre pestagtig Sygdoms Indtrængen i Island, enten at udstede Forbud mod Indførslen fra Udlandet af Gjenstande, som kunne befrygtes at være Bærere af Smitstof (Varer, Reisegods, Reisendes Klæder og levende Dyr), eller at gjøre Indførslen af de nævnte Gjenstande afhængig af Jagttagelsen af saadanne Forsigtighedsregler, som nærmere fastsættes af bemeldte Ministerium, saavelsom til at give de særlige Forskrifter, som Tilsynet med Overholdelsen af de ifølge denne Lov udstedte Forbud og andre Bestemmelser maatte gjøre fornødne.

§ 2.

Overtrædelser af de i Medfør af § 1 udstedte offentlige Bekjendtgjørelser straffes, forsaavidt høiere Straf ikke er forskyldt efter almindelig Straffelov for Island § 293, med Fængsel (jfr. almindelig Straffelovs § 26), hvorhos de Gjenstande, som i Strid med Forbudet forsøges indførte eller ere blevne indførte, for saa vidt de ikke blive at tilintetgjøre, konfiskeres til Fordel for Landskassen.

§ 3.

Denne Lov træder i Kraft den Dag, den bekjendtgjøres i Regjeringstidenden.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 21de Februar 1879.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.